

Pétur Hafþór Jónsson

Hlióðspor

Verkefnabanki




NÁMSGAGNASTOFNUN

Efnisyfirlit

Seiður Afríku	3
Ánauð og aðskilnaður	6
Gospel	8
Blús	12
Rytmaþlús	16
Sveitatonlist – Kántrí	21
Rokk og ról	25
Söngflokkar	31
Upphaf 7. áratugarins	34
The Beatles	36
London í léttri sveiflu	38
Mótmæla- og vísnaðöngur	42
Víxlverkandi sköpunarkraftur	45
Soul og Motown	53
Hippar og blómabörn	58
Lok 7. áratugarins	62

d) Samtalsform í tónlist er algengt, það er að segja víxlsöngur, þar sem hljóðfæri eða raddir kveðast á.

e) Hljóðfæri eru margbreytileg og unnin úr þeim efnivið sem tiltækur er á hverjum stað.

SICCO  diskur 1, lag 1 (tónlist frá Gíneu).

1. Hvaða einkenni afrískrar tónlistar er mest áberandi þarna?

Svar: _____

2. Í þessu tóndæmi er m.a. leikið á rifflaða ávexti af graskerjaætt sem stroknir eru með trépinnum. Einnig er leikið á hrynstafi. Auk þess heyrir í þremur öðrum tegundum hljóðfæra.

Þau eru:

Svar: _____

(Sjá kennarabók *Hljóðspora* bls. 9.)

TOFFI  diskur 1, lag 2 (söngur frá Senegal).

1. Hvaða einkenni afrískrar tónlistar eru mest áberandi þarna?


Í byrjun: _____ síðan: _____

2. **Rétt eða rangt?** Saga Afríkupjóða lifði og dafnaði í munnmælum, frásögnum, söngvum, dönsum og hljóðfæraleik.

 rétt rangt

3. Saga Afríkupjóða var skrifuð á skinn.

 rétt rangt

CHILDRENS' ROUND  diskur 1, lag 3 (barnasöngleikur frá Mið-Afríkulyðveldinu).

1. Hvaða einkenni afrískrar tónlistar eru mest áberandi þarna?

Svar: _____

SKILABOÐ MEÐ TROMMUM  diskur 1, lag 4 (tóndæmi frá Mið-Afríkulyðveldinu).

1. **Rétt eða rangt?** Best er að senda skilaboð að nóttu til þegar hljóð berast lengra en á daginn.

 rétt rangt

2. Er leikið á eina trommu eða fleiri? Svar: _____

Rökstyddu svarið: _____

3. Hvers vegna var þrælum í Norður-Ameríku bannað að leika á trommur?

Svar: _____

4. Hvers vegna fóru íbúar Vestur-Afríku fyrr á tímum til Norður-Ameríku?

Svar: _____

5. Nú hefur þú hlustað á fjögur tónðæmi frá Afríku. Hvert þeirra þótti þér athyglisverðast eða tilkomumest? Rökstyddu svarið.

Ánaud og aðskilnaður

1. Rétt eða rangt?

- a) Vinnusöngvar létta mönnum erfiði og auka afl. rétt rangt
- b) Vinnusöngvar þekktust bæði í Afríku og meðal Evrópumanna. rétt rangt
- c) Vinnusöngvar gera menn samtaka þegar tveir eða fleiri ganga að sama verki. rétt rangt
- d) Í vinnusöngvum þreifa menn fyrir sér með ýmiss konar blöndu þjóðlaga og vinsælla laga Evrópumanna. rétt rangt

2. Nefndu nokkra vinnusöngva sem þú hefur sungið eða heyrt:

Á íslensku: _____

Á ensku: _____

PICK A BALE OF COTTON



diskur 1, lag 5.

1. Lagið er sungið hratt hægt
2. Heldur þú að hraði lagsins sé í samræmi við vinnulag þræla í hitanum í Mississippi? já nei

3. Rökstyddu svarið: _____

Gospel



RUN OLD JEREMIAH diskur 1, lag 13 (hljóðritað af John og Alan Lomax í kirkju í Louisiana árið 1934).

1. Orðið shout er dregið af arabíska orðinu saut sem merkir helgur dans. Hvernig fór shout eða ring shouting fram? Krossaðu við rétt svar.

- Þátttakendur mynduðu einfaldan hring, sungu og stöppuðu niður fótunum. Hægt og bítandi óx hraðinn, ákafinn og sefjunin uns hámarki var náð.
- Þátttakendur mynduðu pör, klæddust grímubúningum eða öðrum skrautlegum fatnaði og sýndu sig í hópöngu. Parið sem mestur stíll var yfir fékk tertu að launum.
- Menn sungu um leið og þeir fóru með ákveðið starf og féll taktur vinnunnar að takti lagsins.

By myself. (5x)

You know I've got to go.

You got to run.

I've got to run.

You got to run.

By myself. (3x)

I got a letter, (2x)

Ol' brownskin.

Tell you what she say.

"Leavin' tomorrow

Tell you goodbye."

O my Lordy. (6x)

Well, well, well. (2x)

O my Lord. (2x)

O my Lordy. (2x)

Well, well, well. (2x)

I've got a rock.

You got a rock.

Rock is death.

O my Lordy.

O my Lord.

Well, well, well.

Run here, Jeremiah. (2x)

I must go.

On my way. (4x)

Who's that ridin' the chariot? (2x)

Well, well, well ...

2. Nefndu þrenns konar afrísk áhrif sem þú heyrir í tóndæminu. (Sjá bls. 2–3 hér að framan.)

3. **Rétt eða rangt?** Fótatak á trégólfi kirkjunnar er taktfast og kemur í stað afríksk trommusláttar.

 rétt rangt

4. Hvað þýðir enska sögnin *rock* á íslensku? Svar: _____
5. Hvað þýðir enska nafnorðið *rock* á íslensku? Svar: _____
6. Við hvern er átt þegar það nafnorð er notað í Biblíunni? Svar: _____

ROCK DANIEL



diskur 1, lag 14.

Séra Savage: Now, Christian friends, we's gonna sing one of the old spirituals, one of the old-time songs that my grandmother taught me to sing a long time ago. And I would like for everybody to sing with uplifted voice. We're now in Coahoma County at the Mount Ararat Baptist Church, pastored by Reverend Laws. I'm quite sure Reverend Laws will enjoy this number. We dedicate this here to Reverend Doctor Laws.

*I'm gonna tell my Lord,
How you do me here ...
Put on your warfare shoes ...
Slip and slide the street ...
This ain't none of my home ...
Livin' on borrowed land ...
I'm gonna tell my Lord ...
Put on your moving shoes ...
Getting in a hurry now ...
I'm gonna tell my Lord ...
How you do me here ...*

Afrísk áhrif eru greinileg í þessum söng. Víxlsöngur er áberandi. Söfnuðurinn svarar forsöngvaranum alltaf með einu og sama orðinu. Hvaða orð er það (mannsnafn)?

Svar: _____

GIVE ME THAT OLD TIME RELIGION



diskur 2, lag 33 í *Tónmennt 4. hefti hlustunarefni*.

Hér rekur predikarinn frásögn Gamla testamentisins af Daníel í ljónagryfunni.

1. Rétt eða rangt?

Sums staðar var svörtum trúarleiðtogum meinað að predika.

Þá tóku þeir upp á því að syngja til safnaðarins og fljótlega

varð til víxlsöngur þeirra í milli byggður á afrískri hefð.

rétt

rangt

2. Lýstu raddbeitingu predikarans. Að hvaða leyti er hún frábrugðin því sem fólk á að venjast hér á landi. Hvað gerir söfnuðurinn? **Svarið munnlega.**

∴ Give me that old time religion. (Sungið þrisvar)

It's good enough for me. ∴

It was good for Paul and ...

It is good enough for me.

Give me that old time religion ...

It was good for my dear mother ...

Give me that old time religion ...

It was good for my dear father ...

Give me that old time religion ...

It was good for the hebrew children ...

Give me that old time religion ...

Syngið með. Klappið á 2. og 4. taktslagi.

OH, HAPPY DAY



diskur 1, lag 15.

1. Nefndu fimm hljóðfæri sem greinilega eru notuð í forspilinu.

Svar: _____

Sunginn texti:

Oh, happy day!

Oh, when Jesus washed my sins away.

2. Fyrri einsöngvarinn er

karl

kona

3. Takið eftir framburði og mótun textans. Hvernig ber einsöngvarinn fram nafnið Jesus?

Svarið munnlega.

4. Mjög snemma í laginu heyrir í litlu ásláttarhljóðfæri sem algengt er við guðspjónustur afró-Ameríkana. Hvaða hljóðfæri er það?

Svar: _____

Sunginn texti:

*He taught me how
To watch, fight and pray.
And he'll rejoice
In things we say
Every day.*

5. Seinni einsöngvarinn er

karl

kona

6. Hann eða hún

heldur sig við fyrirfram skrifaðar nótur.

spinnur ofan á hendingar kórsins.

7. Hann eða hún

notar mikla rödd, alla röddina, allan líkamann.

notar fremur mikla rödd.

raular í hljóðnema.

Sunginn texti:

*Oh, happy day!
Oh, when Jesus washed my sins away.*

8. Kórinn

klappar með á 1. og 3. taktslagi.

klappar með á 2. og 4. taktslagi.

9. Hvaða hendingu endurtekur kórinn í sífellu? Svar: _____

10. Kórinn

er aukaatriði.

stendur jafnfætis einsöngvaranum.

11. Manstu eftir bandarískum vinnusöng þar sem sama hendingin er endurtekin aftur og aftur?

Hvaða lag er það? Svar: _____

Blús

Hér er kort af fylkinu Mississippi og nágrennaríkjum þess.

1. Auðkenndu fljótin Mississippi og Yazoo með bláum lit. Litaðu einnig Mexíkóflóann bláan.
2. Auðkenndu eftirtalda staði með gulum eða öðrum skærum lit:
Memphis, Vicksburg, New Orleans og Tupelo.
3. Deltað, stundum nefnt Mississippi-þríhyrningurinn, er frægt í blússögunni. Um er að ræða landsvæði sem afmarkast af fljótunum Mississippi í vestri og Yazoo í austri. Endimörk þess í suðri er borgin Vicksburg en í norðri nær það til Memphis. Svæðið er sagt algjör flatneskja. Auðkenndu Deltað með grænum lit.



9. Heyrast bláir tónar frá blásturshljóðfærinu?

 já nei

10. Flytjandi þessa lags var mjög fræg blússöngkona. Þú hefur þegar nefnt nafn hennar. Geturðu nefnt aðra fræga blússöngkonu frá svipuðum tíma?

Svar: _____ (Sjá Hljóðspor bls. 20.)

SWEET HOME CHICAGO



diskur 1, lag 21.

Enginn veit fyrir víst hvað átt er við með orðunum „Back to the land of California, to my sweet home Chicago“. Hugsanlega er átt við Port Chicago í Kaliforníu. En oftast er ekki er titill lagsins tengdur stórborginni Chicago í Illinois og blússtílnum sem ættaður er þaðan. (Sjá Hljóðspor bls. 26.)

1. Flytjandi er: _____ (Sjá Hljóðspor bls. 23.)

2. Forspil (intró) er leikið á _____

Sunginn texti:

Oh, baby, don't you want to go?

Oh, baby, don't you want to go?

Back to the land of California, to my sweet home Chicago.

Oh, baby, don't you want to go ...

Now one and one is two, two and two is four,

I'm heavy loaded, baby, I'm booked I got to go.

Cryin' baby, honey, don't you want to go?

Back to the land of California, to my sweet home Chicago.

Now, two and two is four, four and two is six,

You gon' keep on monkeyin' 'round here friend-boy

You gon' get your business all in a trick, but I'm cryin'

Baby, honey, don't you want to go?

Back to the land of California, to my sweet home Chicago.

Now, six and two is eight, eight and two is ten,

Friend-boy she trick you one time, she sure gon' do it again

But I'm cryin', hey baby, don't you want to go?

To the land of California, to my sweet home Chicago.

3. Þetta er blús. Þessi stíll gengur undir ýmsum nöfnum. Nefndu tvö þeirra.

Svar: _____ (Sjá Hljóðspor bls. 22.)

4. Lýsið ljóðforminu. Hvernig er vísan sett saman? **Svarið munnlega.**

5. Gítartónar hljóma lengur en tónar banjósins. Auk þess er auðvelt að beygja þá og sveigja.

Þannig er hægt að líkja eftir bláum tónum söngvarans.

rétt

rangt

6. Banjó hefur stutta og snögga tóna og hentar vel í blúsmúsik.

rétt

rangt

7. Blús er ekki bara tónlist og tjáningarform. Hann er einnig hugarástand

manneskju sem _____ (Sjá Hljóðspor bls. 19.)

8. Hlustið á Eric Clapton og féлага flytja lagið og fylgist með textanum hér að framan (bls. 13).
Getið þið spilað grunntónana með?

E E E E

A A E E

H(B) A E H(B) (E í lokaerindi)

Rytmablús

Hugtakið rytmablús (Rhythm and Blues) hefur tvær merkingar. Annars vegar er það heiti á ákveðinni stíltegund tónlistar. Hins vegar er það nafn á vinsældalista með tónlist fyrir Bandaríkjamenn af afrískum ættum (afró-Ameríkana). Það nafn kom þó ekki til sögunnar fyrr en árið 1949.

1. Hvað var umræddur vinsældalisti kallaður fram að því?

Svar: _____ (Sjá Hljóðspor bls. 24.)

2. Hvað aðgreinir stíltegundina rytmablús frá djasstónlist eftirstríðsáranna?

Svar: _____ (Sjá Hljóðspor bls. 24.)

3. Nefndu fimm mismunandi hljóðfæri sem rytmablúsmenn leika á. (Sjá Hljóðspor bls. 24.)

Svar: _____

CAL'DONIA



diskur 1, lag 24.

1. Nefndu flytjandann: _____

(Sjá Hljóðspor bls. 25 og mynd af manni með saxófón.)

2. Hann er maður af evrópskum ættum afrísku bergi brotinn

Hlustaðu á forspilið.

3. Settu 1 fyrir framan það sem þú tekur fyrst eftir, 2 fyrir framan það næsta o.s.frv.

tólf takta blús gangandi bassi trompet og saxófónn

Hlustaðu á sönginn.

4. Söngvarinn raular hrópar grætur

5. Söngvarinn er crooner shouter cryer

Hlustaðu á millispilið.

6. Trompet og saxófónn kveðast á í víxlsöng

rétt

rangt

7. Hvernig er trompetinn látinn „jarma“? Svar: _____

8. Hvernig er saxófónninn látinn „urra“? Svar: _____



HOOCHIE COOCHIE MAN diskur 1, lag 25.

1. Nefndu höfundinn: _____
(Sjá Hljóðspor bls. 25 og mynd af manni með kontrabassa.)

2. Nefndu flytjandann: _____
(Sjá Hljóðspor bls. 27 og mynd af manni með gítar.)

3. Söngvarinn var búsettur í stórborginni _____
(Sjá Hljóðspor bls. 26 og mynd úr fátækrahverfi.)

4. Hann flutti þangað frá fylkinu _____
(Sjá Hljóðspor bls. 26 og mynd af járnbrautarlest.)

5. Hlustaðu á intróíð og undirleikinn um leið og þú fylgist með söngnum.
Settu x framan við ljóðlínurnar þar sem undirleikurinn breytist.

The gypsy woman told my mother

Before I was born.

You got a boy child's comin'

He's gonna be a son of a gun.

He gonna make pretty women

Jump and shout.

Then the world wanna know

What this' all about.

But you know I'm here.

Everybody knows I'm here.

Well you know I'm the hoochie coochie man

Everybody knows I'm here.

I got a black cat bone.

I got a mojo too.

I got the Johnny Concheroo.

I'm gonna mess with you.

I'm gonna make you girls

Lead me by my hand.

Then the world will know

I'm the hoochie coochie man.

But you know I'm here ...

On the seventh hours

On the seventh day ...

6. Nefndu fjögur áberandi hljóðfæri í laginu: _____

7. Undirleikur einkennist í byrjun af gangandi bassa þögnum eða stopbreaks.
8. Ein frægasta rokkhljómsveit sögunnar nefnir sig eftir einu lagi þessa flytjanda.

Hljómsveitin heitir: _____

THE SKY IS CRYING diskur 1, lag 26.

(Sjá Hljóðspor bls. 27.)

1. Nefndu flytjandann. Svar: _____
2. Nefndu áberandi hljóðfæri í intróinu. Svar: _____

*The sky is crying, look at the tears rolling down the street.
The sky is crying, look at the tears rolling down the street.
I'm waiting in tears looking for my baby and I wonder, where can she be?*

*I saw my baby one morning, and she was walking down the street.
I saw my baby one morning, and she was walking down the street.
Made me feel so good, until my poor heart would skip a beat.*

*I've got a bad feeling, my baby, my baby don't love me no more.
I've got a bad feeling, my baby, my baby don't love me no more.
Now, the sky's been crying, the tears rolling down my nose.*

3. Rödd söngvarans er björt dimm
4. Miðað við þennan söngvara er rödd Muddy Waters björt dimm
5. Þegar talað er um blús er oft átt við ákveðið tónlistarform, t.d. 12 takta blús. En blús getur einnig verið hugarástand manneskju sem svipt hefur verið voninni. Þá þýðir blús depurð eða angist. Sá blús getur bæði verið af þjóðfélagslegum og persónulegum toga. Í þessu tilfalli er depurð söngvarans tilkomin vegna

persónulegra ófara í ástamálum þjóðfélagslegs ranglætis

6. Hljómagangur fyrir þá sem vilja spila með:

D7	G7	D7	D7
G7	G7	D7	D7
A7	G7	D7	A7 (D7 í lokin)

7. Þetta er átta takta blús tólf takta blús sextán takta blús

8. Ljóðlínur hvers erindis eru þrjár fjórar sex

9. Lagið er hljóðritað í Memphis New Orleans Chicago

10. Lagið er hljóðritað árið 1949 1959 1969

11. Strikaðu undir nöfn þeirra hljóðfæra sem koma við sögu í undirleiknum:

munnharpa	rafmagnsgítar	bassi	píanó	orgel
tenórsaxófónn	trompet	flauta	básúna	trommur


KROSSGÁTA

LÁRÉTT

1. Trúartónlist svartra Bandaríkjamanna.
2. Áhersla á 2. og 4. taktslagi.
3. Uppbygging lags og form í rytmablús.
4. Blásturshljóðfæri sem kom úr djassi inn í rytmablús.
5. Gamalt heiti á vinsældalista yfir plötur sem ætlaðar voru afró-Ameríkönum.

LÓÐRÉTT

- a) Söngvari sem nánast kallar lögin af sviðinu og fram í sal til áheyrenda.
- b) Neðst í undirleik og algengt í rytmablús.
- c) Þagnir í undirleik.



Sveitatónlist – Kántrí

CAN THE CIRCLE BE UNBROKEN



diskur 2, lag 1.

(Sjá Hljóðspor, nemendabók bls. 32 og kennarabók bls. 45–46.)

1. Flytjandi: _____

2. Forspil er leikið á _____

*I was standing by the window
On a cold and cloudy day
When I saw the hearse* come rolling *líkvagn
For to carry my mother away.*

3. Söngurinn er einraddaður tvíraddaður þríraddaður

*Can the circle be unbroken
By and by, Lord, by and by.
There's a better home awaiting
In the sky, Lord, in the sky.*

4. Söngurinn er einraddaður tvíraddaður þríraddaður

5. Millispil leikið á _____

6. Þetta gítarspil hefur verið nefnt: _____

*Lord I told the undertaker:
"Undertaker, please drive slow
For this body you are holding,
Lord, I hate to see her go."*

Can the circle be unbroken ...

7. Raddaður söngur eins og heyrist í laginu minnir á söng í kirkjum

blökkumanna mepódista kapólikka

8. Lagið var hljóðritað árið _____ í bænum _____

Sá bær liggur á mörkum fylkjanna Virginia og _____

í _____-fjallgarðinum. (Sjá landakort á bls. 65.)

9. Flytjendur fengu _____ dollara þóknun fyrir flutninginn.

10. Skoðið vel ljósmyndina á bls. 32 í *Hljóðspor*. Takið eftir stúlkunni til vinstri á myndinni. Hún hét Maybelle Carter og lék á gítar af tegundinni Gibson L 5. Þessi gítar kom fyrst á markað árið 1922. Að hvaða leyti er hann frábrugðinn venjulegum gítar? Getið þið fundið myndir af honum á netinu eða í gítarbókum? Sumt í útliti hans minnr á önnur strengjahljóðfæri. Hvaða hljóðfæri eru það? Svarið munnlega.



WAITING FOR A TRAIN diskur 2, lag 2.

Hlustið fyrst á tóndæmi nr. 2 á disknum *Það er gaman að hlusta – á framandi tónlist*.

1. Hvað heitir hljóðfærið sem þar er leikið á?

rafmagnsgítar banjó dobro Hawaii-gítar

2. Hvað heitir flytjandi lagsins Waiting For a Train?

Svar: _____ (Sjá *Hljóðspor* bls. 34.)

3. Hvaða viðurnefni hlaut þessi söngvari vegna starfs síns?

Svar: _____

Hlustið nú á lagið Waiting For a Train:

1. *All around the Water Tank*
Waiting for a train.

A thousand miles away from home,
Sleeping in the rain.

2. *I walked up to a brakeman*
To give him a line of talk.

He says: "If you've got money
I'll see that you don't walk."

3. *I haven't got a nickel,*
Not a penny can I show.
He said: "Get off, you railroad bum,"
And he slammed the box car door.

4. Hvað gerir söngvarinn í millispilinu? Svar: _____

5. Heyrist í Hawaii-gítar? já nei
6. Áttundapartsnótur í laginu eru jafnar með sveiflu (svingi)

Sunginn texti:

4. *He put me off in Texas,
A state I surely love,
The wide open space is all around me.
The moon and stars up above.*
5. *Nobody seems to want me
Or lend me a helping hand.
I'm on my way from Frisco,
I'm going back to Dixieland.*

6. *Though my pocket book is empty
And my heart is full of pain.
I'm a thousand miles away from home
Just waiting for a train.*

7. Hvað gerir söngvarinn í niðurlaginu? Svar: _____

Farið á leitarvél á netinu (t.d. Google eða You Tube) og sláið inn orðin *Jimmie Rodgers Waiting For a Train*. Þá finnið þið væntanlega söngvarann flytja þetta lag í kvikmynd.

8. Kvikmyndin er í lit svarthvít
9. Lagið er eins og þið voruð að hlusta á í einfaldari búningi



JAMBALAYA diskur 2, lag 6 og 7.

1. Berðu saman flutning Hank Williams (sjá *Hljóðspor* bls. 34) og Antoine "Fats" Domino (sjá *Hljóðspor* bls. 38) á þessu fjöruga lagi.

*Goodbye Joe, me gotta go, me oh my oh
Me gotta go pole the pirogue down the bayou
My Yvonne, the sweetest one, me oh my oh
Son of a gun, we'll have big fun on the bayou.*

*Jambalaya and crawfish pie and fillet gumbo
'Cause tonight I'm a gonna see my cher-o-mio
Pick guitar, fill fruit jar and be gayo
Son of a gun, we'll have big fun on the bayou.*

*Thi bodaux, Fontaineaux, the place is buzzin'
Kinfolk come to see Yvonne by the dozen
Dress in style and go hog wild, me oh my oh
Son of a gun ...*

Settle down far from town, get me a pirogue ...

2. Tengdu orðin við Hank Williams annars vegar og Fats Domino hins vegar.

fiðla		saxófónar
gangandi bassi		trommuset
	HANK WILLIAMS	
sveifla (sving)		fetilgítar*
	FATS DOMINO	
rytmablús		sveitatónlist
jafnar áttundapartsnótur		kúrekaföt

* Fetilgítar: Nefndur steel guitar á ensku þó hann sé ekki gerður úr stáli. Nafnið er þannig tilkomið að svonefndu spilastáli (sivalningi) er rennt fram og aftur um gripbrettið í stað þess að grípa þar um strengina líkt og oftast er gert þegar leikið er á gítar. Fetilgítar stendur á fótum og á honum eru fetlar (pedalar) sem stigið er á eftir þörfum. Fetlarnir hafa áhrif á tónhæðina. Fetilgítar er mjög algengur í bandarískri sveitatónlist.

3. *Jambalaya* er réttur sem kenndur er við fræga og fjölmenningslega borg í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Hann er sagður tilraun hvítra landnema til að búa til spænskt *paella* í Nýja heiminum þar sem eitt og annað frá gömlu Evrópu vantaði til matargerðarinnar. Ein gerð *jambalaya* er kennd við franska hverfið í borginni. Önnur gerð er upprunnin á landsbyggðinni í svonefndu Swamp Country.

Hvað heita borgin og fylkið sem um ræðir? Svar: _____

Rokk og Ról

ROCK AROUND THE CLOCK diskur 2, lag 11.

1. Takturinn hér að neðan er úr forspilinu. Æfið hann áður en þið hlustið á lagið: Hafið greinilegar áherslur á undirstrikuðum taktslögum. Æfið fyrst hægt en aukið svo hraðann.

1 2 3 4 1 2 3 og 4 1 2 3 4 1 2 3 og 4
1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 //

2. Ef þið viljið spila grunntóna eða hljóma með laginu er hljómangangurinn svohljóðandi:

A	A	A	A
D7	D7	A	A
E7	E7	A	A

3. Skiptið ykkur í þrjá hópa og spilið með laginu:

- a) Jafnar áttundapartsnótur
- b) Nótu á fyrsta og þriðja slagi
- c) Nótu á öðru og fjórða slagi. Líkið þar með eftir Hi-hat, bassatrommu og snerli.

4. Hlustið aftur á lagið og leysið eftirfarandi verkefni.

Intró: *One, two, three o'clock ...*

Sunginn kafli: *Put your glad rags on ...*

Sunginn kafli: *When the clock strikes two, three and four ...*

- a) Sólókaflí: Einleikur á _____

Sunginn kafli: *When the chimes ring five, six and seven ...*

Sunginn kafli: *When it's eight, nine, ten, eleven too ...*

- b) Leikinn kafli: Saxófónar og gítar leika síendurtekið riff flókinn sólókafla

Sunginn kafli: *When the clock strikes twelve, we'll cool off then ...*

- c) Coda þýðir _____

5. Farið á netið og finnið Bill Haley og félagi flytja þetta lag í kvikmynd.
Hvernig er hljómsveitin samsett?

Svar: _____

TUTTI FRUTTI  diskur 2, lag 12.

1. Reynið ykkur á textanum *A wop bop a loo bop a lop bam boom*, fyrst hægt, svo hratt.
2. Hvað heitir flytjandinn? Svar: _____

(Sjá Hljóðspor bls. 38–39.)

Hlustið nú á lagið og svarið spurningunum hér að neðan:

3. Intró er leikið sungið leikið og sungið

4. Viðlag:

Fyrstu tvö erindin:

Tutti frutti, oh Rudy ...

Got a girl named Sue ...

Tutti frutti, oh Rudy ...

Got a girl named Daisy ...

Tutti frutti, oh Rudy ...

Lagið er flutt mjög hratt frekar hratt frekar hægt

5. Eru þagnir í undirleiknum? já nei

6. Sólókaflí. Einleikur á _____

7. Einleikurinn er nokkuð tilkomumikill síendurtekið riff á örfáum tónum

8. Hlustið á framhaldið og tengið saman:

Tutti frutti, oh Rudy ...

Erindi

Got a girl named Daisy ...

Viðlag

Tutti frutti, oh Rudy ...

9. Coda (niðurlag): *A wop bop a loo bop a lop bam boom*.

Niðurlag er ekki eins og intró eins og intró

10. Hvaða orð í textanum er látið ríma við nafnið *Sue*? Svar: _____

11. Hvaða orð textans er látið ríma við nafnið *Daisy*? Svar: _____

12. Hvaða ljóðlína eða orð úr textanum eru eftirminnilegust að þínum dómi?

Svar: _____

13. Er auðvelt að muna titil lagsins?

 já nei

14. Er titillinn oft nefndur í textanum?

 já nei



(Sjá Hljóðspor bls. 39 og kennarabók bls. 57.)

1. Hvað heitir flytjandi og höfundur lagsins? Svar: _____

2. Hann er hvítur maður blökkumaður

3. Í hvaða borg og hjá hvaða fyrirtæki tók hann upp plötur sínar?

Svar: _____

4. Hlustið nú á lagið og ljúkið við að formgreina það.

Form:

Intró (forspil)

A *Deep down in Louisiana close to New Orleans,
Way back up in the woods among the evergreens ...
There stood a log cabin made of earth and wood,
Where lived a country boy named Johnny B. Goode ...
Who never ever learned to read or write so well,
But he could play the guitar like ringing a bell.*

_____ *Go Go Go Johnny Go Go Go Johnny B. Goode.*

_____ *He used to carry his guitar in a gunny sack
And sit beneath the trees by the railroad track.*

...

_____ *Go Go Go Johnny Go Go Go Johnny B. Goode.*

Sóló

_____ *His mother told him someday you will be a man,
And you will be the leader of a big old band.*

...

Maybe someday your name will be in lights saying: "Johnny B. Goode tonight!"

_____ *Go Go Go Johnny Go Go Go Johnny B. Good.*

Coda (niðurlag)

5. Nefndu einleikshljóðfærið: _____

6. Á hvaða hljóðfæri er leikið auk einleikshljóðfærisins?

Svar: _____

7. Textinn er ástarjátning þjóðfélagsádeila frásögn

8. Chuck Berry, Buddy Holly, Fats Domino. Carl Perkins, Gene Vincent.

Hver gömlu rokkaranna samdi lög sín sjálfur? Svar: _____

HOUND DOG  diskur 2, lag 14.

1. Nefndu söngvarann: _____

2. **Hlustaðu vel.** Er lagið í blúsformi? já nei

*You ain't nothin but a hound dog
Cryin all the time.
You aint nothin but a hound dog
Cryin all the time.
Well, you aint never caught a rabbit
And you aint no friend of mine.*

*When they said you was high classed,
Well, that was just a lie.*

...

3. Áttundapartsnóturnar í laginu eru jafnar með sveiflu eða svingi

DON'T BE CRUEL diskur 2, lag 15.

1. Hlustaðu og formgreindu lagið:

____ You know I can be found,
Sitting home all alone.
If you can't come around,
at least, please telephone.
Don't be cruel to a heart that's true.

____ Baby, if I made you mad
for something I might have said ...

____ I don't want no other love,
Baby, it's just you I'm thinking of.

____ Don't stop thinking of me,
don't make me feel this way ...

____ Why should we be apart?
I really love you baby, cross my heart.

____ Let's walk up to the preacher,
and let us say: "I do" ...

____ I don't want no other love,
Baby, it's just you I'm thinking of.

_____ Don't be cruel to a heart that's true ...

2. Hvort laganna er gamall rytmablús? Hound Dog Don't be Cruel

3. Hvort laganna er „hrárra“ en hitt? Hound Dog Don't be Cruel

4. Hvort þeirra er „poppaðra“? Hound Dog Don't be Cruel

5. RCA keypti útgáfuréttinn af lögum með þessum söngvara af plötufyrirtækinu

Chess í Chicago Sun í Memphis Atlanta í New York

Söngflokkar

SH-BOOM  diskur 2, lag 20.

1. Hvaða ár var lagið hljóðritað? Svar: _____ (Sjá kennarabók *Hljóðspora* bls. 65.)
2. Hvað heitir flokkurinn sem syngur lagið? Svar: _____
3. Hvaðan er þessi söngflokkur? Svar: _____
(Sjá kennarabók *Hljóðspora* bls. 65.)

Hlustið:

*Hey nonny ding dong a lang a lang a lang.
Boom badoh, badoh, badoo.
Life could be a dream, sh-boom.
If I could take you up in Paradise up above, sh-boom.
If you would tell me I'm the only one that you love,
Life could be a dream sweetheart,
Hello, hello again.
Sh-boom, and hopin' we'll meet again.
Oh, life could be a dream, Sh-boom.*

4. Stíllinn sem hér um ræðir heitir *Doo wop*. Hann dregur nafn sitt af merkingarlausum hljóðlíkingum sem oft heyrast í lögum sem þessum. Hvaða **merkingarlausu** orð eru mest áberandi í laginu? Nefndu tvö dæmi.

Svar: _____

5. Hvaða **merkingarbæra** setning er margendurtekin í laginu?

Svar: _____

6. Nefndu einleikshljóðfærið: _____

7. Millikafli lagsins er fluttur af bassasöngvara sunginn af tenór

8. Lagið er frá eftirstríðsárunum, tímabili sem einnig er kennt við kalda stríðið. Titillinn „Sh-Boom“ er stundum talinn vera skírskotun til

kjarnorkuógnar þessara ára fyrstu hljóðfráu þotunnar Kóreustríðsins

ONLY YOU



diskur 2, lag 22.

- Hlustið á trommurnar. Á snerilinn er leikið á 1. og 3. slagi 2. og 4. slagi
- Hlustið á bassann. Á bassann er leikið á 1., 3. og 4. slagi 1. og 3. slagi
- Hlustið á píanóið. Á píanóið eru leiknar
 jafnar áttundapartsnótur áttundapartsnótur með sveiflu tríólur
- Söngvarinn, Tony Williams hefur mjög háa rödd mjög djúpa rödd
- Farið á leitarvél á netinu, t.d. YouTube eða Google og finnið Platters flytja þetta lag.
Hvað eru söngvararnir margir? þrír fjórir fimm

BE MY BABY



diskur 2, lag 24.

- Hvað heitir upptökumaður þessa lags? Svar: _____
(Sjá Hljóðspor neðst á bls. 53.)
- Hvað nefnist upptökutæknin sem hann þróaði? Svar: _____
- Lýsið þessari upptökutækni. **Svarið munnlega.**
- Stúlknasveitir, eins og sú sem þarna syngur, nutu mikilla vinsælda upp úr 1960.
Hvað nefnast slíkar sveitir á ensku? Svar: _____
- Stúlknasveitirnar voru miklu fagaðri en rokkararnir. rétt rangt
- Laglínan er grípandi. Um það verður ekki deilt. En hvaða setning er endurtekin aftur og aftur í textanum?
Svar: _____



(Sjá Hljóðspor bls. 54.)

1. Fylltu í eyðurnar.

Les Paul átti þátt í þróun _____

Árið 1952 setti _____-fyrirtækið á markað _____ sem nefndur er

eftir honum. Les Paul þróaði einnig svonefnda _____

eða _____ sem gerir mönnum kleift að syngja eða spila

_____ inn á sömu upptökuna. Jafnframt tók hann

upp á _____ og lék sér að ýmsum

öðrum tæknibrellum í bílskúrnum heima hjá sér þar sem vinnustaður hans var.

2. Paraðu saman.

Please Mr. Postman

The Ronettes

Be My Baby

The Marvelettes

Wall of Sound

Phil Spector

Fjölrásatækni

Les Paul

Only You

The Chords

Sh-Boom

The Platters

The fifties

6. áratugurinn

Upphaf 7. áratugarins

THE YOUNG ONES



diskur 2, lag 29.

(Sjá Hljóðspor bls. 57.)

1. Lýstu hljóðfæraskipan *Shadows*. Hank Marvin leikur á sólógítar. Á hvað leika hinir?

Svar: _____

2. Hvaða ár varð hljómsveitin *Shadows* þekkt?

 1950 1960 1970 1980

3. Hverrar tegundar er rafmagnsgítar Hanks Marvin?

 Gibson L 5 Rickenbacker Les Paul Fender Stratocaster

4. Getið þið lýst þessum gítar? **Svarið munnlega.**

5. Stundum söng með *Shadows* söngvari sem ungum stúlkum þótti mjög sætur.

Hvað heitir hann? Svar: _____

6. Hlustið vel á forspilið. Intró eða forspil eiga að vera grípandi. Stuttum forspilum er ætlað að fanga athygli útvarpshlustenda. Löng intró eru frekar hugsuð fyrir dansstaði (diskótek) eða sem inngangur að lagi fyrir þá sem vilja slaka á meðan þeir hlusta. Hvernig intró er þetta?

Svar: _____

7. Hvar hljómar titill lagsins?

 í upphafi A-kafla við lok A-kafla í B-kafla

8. Hvernig breytist undirleikurinn í B-kaflanum. **Svarið munnlega.**

APACHE  diskur 2, lag 30.

(Sjá Hljóðspor bls. 57.)

1. Hvað er Apache (Apasji)? Svar: _____

2. Hvað heitir tækið sem Hank Marvin notar ásamt rafmagnsgítarnum?

Tape echo Wall of Sound Skiffle Mono

3. Í laginu er töfruð fram mynd af hesti á stökki eða indíána á hestbaki. Manstu eftir fleiri hestalögum sem hugsanlega mætti leika á svipaðan hátt?

Svar: _____

SKIFFLE SET  diskur 2, lag 31.

(Worried Man / Midnight Special og fleiri lög)

1. Í skiffle-tónlist er bæði leikið á óhefðbundna hljóðgjafa og ódýr hljóðfæri. **Hlustaðu og nefndu**

a) tvö venjuleg hljóðfæri _____

b) tvö óhefðbundin hljóðfæri _____

2. Í þessari syrpu heyrir m.a. gamall vinnusöngur frá Mississippi. Hvað heitir hann?

Svar: _____

3. Á hvaða venjuleg hljóðfæri hefur þú spilað?

Nefndu eitt til þrjú. _____

4. Á hvaða óvenjuleg hljóðfæri hefur þú spilað?

Nefndu eitt til þrjú. _____

The Beatles

TWIST AND SHOUT



diskur 3, lag 1.

1. Hvaða hljóðfæri setur mark sitt á intróíð? saxófónn rafmagnsgítar
2. Heyrist víxlsöngur að amerískum hætti í laginu? já nei
3. Heyrist röddun í evrópskum stíl þar sem raddirnar byggja upp hljóm? já nei

PLEASE PLEASE ME



diskur 3, lag 2.

1. Nefndu einleikshljóðfærið í forspilinu (intró). Svar: _____
2. Heyrist röddun í evrópskum stíl, þar sem raddirnar byggja upp hljóm? já nei
3. Heyrist víxlsöngur að amerískum hætti í laginu? já nei
4. Í forspilinu heyrst lítið lagrænt mótív. Heyrist það oftár í laginu? já nei

IT WON'T BE LONG



diskur 3, lag 3.

1. Áhrif hópvinnu og samstarfs eru allsráðandi í þessum lögum og enginn aðalmaður í hljómsveitinni eins og almennt tíðkaðist um þetta leyti. rétt rangt
2. Hraði, gleði og kraftur einkennir þessi lög Bítlanna. rétt rangt
3. Í lögnum heyrast stutt innskot sólógítars. rétt rangt
4. Í lögnum eru löng gítarsóló. rétt rangt
5. Lennon og McCartney sömdu flest lög Bítlanna. rétt rangt

SHE LOVES YOU



diskur 3, lag 4.

1. Er grípandi textalína í laginu? já nei
2. Ef svo er hvernig hljóðar hún? Svar: _____
3. Um hvað fjalla textarnir í þessum fjórum lögum? um ástir um þjóðfélagsmál
4. Hvað einkennir heildaráferð laganna?
 söngur hljóðfæraleikur söngur og hljóðfæraleikur
5. Á hvaða hljóðfæri leika Bítlarnir?
Paul Mc Cartney leikur á _____
Ringo Starr leikur á _____
George Harrison leikur á _____
John Lennon leikur á _____
6. Þessi lög eru frá árunum 1963–1965 1965–1967 1967–1969

AUKAVERKEFNI

1. Tengdu saman staðarnöfn og nöfn á hljómsveitum. (Sjá Hljóðspor bls. 65–74.)

Rolling Stones	Liverpool	Tempó
Beatles	Reykjavík	Dátar
Hljómar	London	Óðmenn
Kinks	Keflavík/Suðurnes	Pops

2. Nefndu fjórar íslenskar bítlahljómsveitir utan af landi.

Svar: _____

London í léttri sveiflu



LOOK WHAT YOU'VE DONE diskur 3, lag 5.

(Sjá Hljóðspor bls. 65–66.)

1. Flytjendur: _____ Útgáfuár 1965
2. Höfundur lagsins: _____ (Sjá Hljóðspor bls. 65.)
3. Hvernig tengist hann þessari hljómsveit að öðru leyti? Svar: _____

4. Hlustið vel á lagið og svarið spurningunum hér að neðan.

*Now look what you've done
Now look what you've done
Look what you've done baby
Now look what you've done
You left me here
The lonely one
And all I can say
Is look what you've done*

*A broken heart
A worried mind
Because of you baby
Dying all the time
I once had a dream
But now I've none
You're taking your love
And see what it done*

- a) Einleikshljóðfærið heitir: _____
- b) Sá sem leikur á munnhörpu er Mick Jagger Brian Jones Keith Richard
- c) Lagið flokkast undir sveitatónlist rokk og ról rytmaflús

- d) Settu 6 fyrir framan það sem þér finnst áhrifamest (flottast) í laginu, 5 fyrir framan það næstáhrifamesta og svo framvegis.

laglína texti einleikur undirleikur söngur heildarmynd

- e) Takið saman heildarstigagjöf bekkjarins. Lokatölur eru svohljóðandi:

laglína texti einleikur
 undirleikur söngur heildarmynd

DEDICATED FOLLOWER OF FASHION



diskur 3, lag 7.

1. Hlustið á lagið og textann, þar sem gert er góðlátlegt grín að tískunni sem kennd er við Carnaby Street. (Sjá *Hljóðspor* bls. 65.) Nokkrar orðskýringar eru hægra megin við textann.

